



Árni Gunnarsson
1609513709

Starfsferill

Framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands 1982-1985
Framkvæmdastjóri Fóðurblöndunnar hf 1985-1993
Framkvæmdastjóri Sól rekstrafélags hf 1993-1994
Útibússtjóri Íslandsbanka 1994-2004
Sendifulltrúi Rauða krossins í Búdapest 2001
Framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár 2004-2006
Útibússtjóri og viðskiptastjóri Arion banka 2006-2017

Félagsmálastarf

Stjórnarmaður í Félagi Ísl. Iðnrekenda 1991-1993
Varaformaður Reykjavíkurdeldar Rauða Kross Íslands 1986-1989
Stjórnarmaður í Rauða Kross Íslands 1987-1994
Stjórnarmaður og stjórnarformaður í Íslenskum Söfnunarkössum-Íslandsspil 1994-2005
Stjórnarformaður í Rauða krossinum í Reykjavík 2015-2021
Stjórnarmaður og stjórnarformaður í hjúkrunarheimilinu Skógarbær 2016-2019
Formaður Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju 2019-
Gjaldkeri safnaðarstjórnar Fríkirkjunnar í Reykjavík 2018-
Önnur ótalin ýmis félagsmálastörf

Námsferill

Stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1972
Cand Oecon frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands 1976
Cand Merc (M Sc econ) frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 1982
Löggildingarpróf í verðbréfavíðskiptum frá HR 2014
BA próf í Guðfræði frá Háskóla Íslands 2019

Fjölskylduhagir

Maki er Sjöfn Óskarsdóttir. Börn eru Margrét Eva fd. 1976, Óskar Örn fd. 1978 og Gunnar Snorri fd. 1991.



Ferilskrá

Ástrún Björk Ágústsdóttir

Sími 844-3993

astrun@islandsbanki.is

Kt. 260559-2659

Menntun og reynsla:

Ég er viðskiptafræðingur að mennt og hef unnið sem stjórnandi frá því ég útskrifaðist vorið 1984. Ég var fjármálastjóri Félagsstofnunar stúdenta frá útskrift til apríl 1987. Frá þeim tíma hef ég unnið hjá Íslandsbanka. Árin 1987-2001 var ég forstöðumaður fjármála og rekstrar hjá Glitni fjármögnun (nú ERGO). Ég vann sem útibússtjóri frá 2001-2006. Haustið 2006 tók ég við núverandi starfi sem forstöðumaður Viðskiptaumsjónar. Í þeirri deild sem nú telur 65 starfsmenn sjá starfsmenn um bakvinnslu lána og verðbréfa, annast innheimtu vanskilalána og sinna greiðslumiðlun fyrir viðskiptavinum bankans.

Fjölskylduhagir:

Ég er gift Guðmundi Ásberg Arnbjarnarsyni, rafeindavirkja, og við eigum fjögur börn og 3 barnabörn

Áhugamál:

Fjölskyldan, ferðalög, hreyfing og bygging sumarbústaðar.

Hvers vegna vil ég setjast í stjórn FEB:

Eftir því sem aldurinn færir yfir og starfslokin nálgast hef ég hugsað hvernig ég vil verja tímanum þegar um hægist. Áhugamálin eru mörg og alltaf gaman að verja tíma með fjölskyldunni. En auk þess langar mig m.a. að gefa gaum að velferð ört vaxandi hóps eldri borgara þessa lands. Hlutverk FEB um að gæta hagsmuna eldri fólks í hvívetna og stuðla að innihaldsríku menningarlífi þeirra finnst mér spennandi og mig langar að leggja mitt af mörkum í þeim efnum með því að bjóða mig fram í stjórn félagsins.



Birgir Finnbogason

Fæddur í Reykjavík árið 1954. Ólst upp í Selásnum og bjó þar frá fæðingu og fram að 19 ára aldri. Skólagangan hófst þar í barnaskóla sem var útibú frá Laugarnesskóla en fyrsti og annar bekkur gagnfræðaskólaáranna var í Miðbæjarskólanum. Ferðamátinn á þeim tíma var frá Selásnum að Kalkofnsvegi með þeirra tíma borgarlínu sem fyrir mig var Lækjarbotnavagninn. Til að nýta tímann í bænum vann ég sem sendill hjá Sambandinu, fyrir eða eftir hádegi eftir því hvernig stundaskránni var háttað. Atvinnuþáttaka á skólaárum var síðan eins og algeng var á þeim tíma, ýmis verkamannavinna sem væntanlega flokkast í dag sem barnaprælkun. Framhaldið í menntun var síðan landspróf, þaðan í Versló og svo eins og leið lá í viðskiptafræðina. Endurskoðun varð svo fyrir valinu og hefur atvinnuþáttaka til og með dagsins í dag tengst því fagi. Ég hef bæði unnið í einkageiranum og hjá hinu opinbera, bæði á sveitarstjórnarstigi og hjá ríkinu. Nú starfa ég hjá Ríkisendurskoðun og býst við að verða borinn út þaðan á haustdögum 2024. Auk þess að vinna á Íslandi var ég í þrjú ár hjá ÖSE í Skopje – Makedóníu og í fimm ár í eigin starfsemi í Kaliforníu. Þá fékk ég ríkisborgararétt í ríki Trumps, en flutti aftur til Íslands á fyrstu mánuðum hans í embætti. Ég næ víst ekki að flýja aldurinn frekar en aðrir en vill geta miðlað og stutt við „jafnaldra“ mína af þeirri reynslu og þekkingu sem ég hef öðlast í lífinu.



Ég heiti **Geir A. Guðsteinsson**, kt. 030746-3099
Heimili & sími; Prestastígur 6, 113 Reykjavík, s. 553-2646 & 840-9555
Netföng; geirgudsteinsson@simnet.is &
geir.gudsteinsson@gmail.com

Ég hef starfað í nær 40 ár sem blaðamaður og ritstjóri, bæði á landsblöðum og héraðsfréttablöðum. Hef mikla félagslega reynslu, m.a. formaður Knattspyrnuráðs Akureyrar, knattspyrnudómari og eftirlitsmaður með störfum knattspyrnudómara. Félagi í Rotary og Kiwanis um árabil, m.a. forseti Kiwanisklúbbsins Hrólfs á Dalvík. Félagi í FEB og hef átt sæti í stjórn FEB sl. tvö ár og sinnt þar sstörfum ritara og fleira, m.a. verið ritstjóri Félagstíðinda, blaðs Félags eldri borgara og verið ritstjóri blaðs Rotaryhreyfingarinnar sem kom út sl. haust í tengslum við þing umdæmishreyfingarinnar á Íslandi ásamt fleiri tilfallandi ritstörfum. Sat í stjórn Blaðamannafélags Íslands í 7 ár. Hef sungið í karlakórum frá árinu 1977, fyrst í Karlakór Akureyrar-Geysi og þar formaður í tvö ár og síðan í Karlakórnum Þröstum og var formaður Sambands íslenskra karlakóra í sjö ár. Í dag er ég formaður Búsetufélags á Prestastíg, sem tilheyrir Búmönnum þar sem íbúar eru eldri en 55 ára. Verið formaður Hvilftar ehf., félags í Önundarfirði sem leigir út húsnæði á ættarjörðinni gegnum Bungalo, bæði til Íslendinga og erlendra ferðamanna. Gera þyrfti könnun á því hvers konar félagsstarfsemi félagsmenn FEB vilja sjá í boði og efla enn frekar. Kynningu á Félagi eldri borgara þarf að efla til muna út á við sem og frétttaflutning frá félaginu til félagsmanna.

Ástæða framboðs

Starfsreynsla mín og þekking sem blaðamaður og ritstjóri hefur að mínu mati nýst FEB vel. Þekking og menntun stjórnarmanna þarf að vera sem víðtækust. Tel að mín menntun, þekking og reynsla af stjórnunarstörfum sé gott innlegg í þá flóru.

Geir A. Guðsteinsson



Gunnar Magnússon, fæddur 1950 í Reykjavík.

Ég heiti Gunnar Magnússon , er fæddur 17.september, 1950 í Reykjavík.

Gekk í eftirtalda skóla:

Melaskóla, Vesturbæjarskóla, Hagaskóla, Verzlunarskóla Íslands.

Vann hjá Kristján Ó. Skagfjörð hf í tölvudeild til margra ára

og var síðan yfirmaður tölvudeildar hjá RÚV yfir 20 ár og var þar líka formaður starfsmannafélagsins.

Sat í mörg ár í stjórn BSRB.

Var í fótbolta frá 1954 og spilað með KR og ÍK

Var leikari í Þjóðleikhúsinu í nokkur ár og lék einnig með Leikfélagi Kópavogs í mörgum sýningum

Hef verið félagi í Oddfellow til margra ára .

Er núna eldri borgari að leika mér m.a. í golfi auk ýmissa annarra áhugamála og hef t.d. komið á mörg sögu námskeið hjá Feb.

Fjölskylda:

er kvæntur Margréti Halldórsdóttur hjúkrunarfræðingi á Landspítala og á 4 dætur og 8 barnabörn

Bestu kveðjur,
Gunnar Magnússon
896 33 95



Ingibjörg Óskarsdóttir

Ég heiti Ingibjörg Óskarsdóttir. f. 1946 í Reykjavík og uppalin í Hafnarfirði til 16 ára aldurs. Fluttum þá á Snæfellsnes og þar bjó ég til 1985. Ég á fimm börn. Þegar börnin komust á legg vann ég í fiski og var um tíma húsvörður í félagsheimili. Eftir að ég flutti til Reykjavíkur vann ég hjá Iðntæknistofnun Íslands sem síðar varð Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Ég sá um verkþókhaldið og var titluð aðalbókari. Þarna var ég í 31 ár eða þangað til ég þurfti að hætta vegna aldurs. Ég hef alltaf verið mjög virk í félags- og verkalýðsmálum og var varamaður í stjórn ASÍ þangað til ég flutti suður en þá varð ég félagi í SFR sem nú er Sameyki. Þar var ég trúnaðarmaður, í stjórn og varaformaður í nokkur ár. Var í samninganefnd frá 1993 þangað til ég hætti 2016. Ég hef alltaf verið mjög dugleg að mennta mig, tók verslunarpróf og stúdentspróf á viðskiptabraut, lauk námi frá Endurmenntunarsstofnum í Rekstrar- og viðskiptafræðum, tók þrjá áfanga af fjórum sem viðurkenndur bókari og lauk BA námi í dönsku frá HÍ auk fjölmargra námskeiða. Ég er áhugaljósmyndari og er félagi í ljósmyndaklúbbi. Hef gaman af hvers konar útivist og þá helst í sambandi við ljósmyndun.



Stefanía Valgeirsdóttir

Ég undirrituð gef kost á mér til setu í stjórn FEB.

Ég er 66 ára, fædd og uppalin Reykvíkingur en hef búið í Kópavogi tæpa fjóra áratugi.

Ég hef unnið skrifstofustarf lengst af.

Var þulur hjá Ríkisútvarpinu um þrettán ára skeið. Þaðan fór ég til Sjóvár og lauk störfum þar eftir rúm 22 ár í desember s.l.

Ég hef sótt ýmis námskeið hjá EHÍ, svo sem í skaðabótarétti, hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðri sálfræði og framsögn, svo eitthvað sé nefnt.

Ég er með söngvarapróf frá Söngskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla Kópavogs. Frá unga aldri hef ég sungið með ýmsum kórum og endaði ferilinn á toppnum, í Óperukórnum 😊

Mig langar að starfa fyrir félag eldri borgara, ég elska að eldast og veit að ég get lagt mitt af mörkum.

Með kærri kveðju

Stefanía Valgeirsdóttir

sími 8448554

stefaniavalgeirs@gmail.com

--

Með kveðju

Stefanía



Viðar Eggertsson (f. 1954)

Áherslur

Velferð allra eldri borgara í leik og starfi. Eldri borgarar er sístækkandi þjóðfélagshópur og afar fjölbreyttur hvað varðar áhugamál og þarfir. Áhugi minn og væntanlegar áherslur eru á kjaramálum eldra fólks. Mikilvægt er að stjórn FEB skipti með sér störfum og hver og einn stjórnar-maður taki að sér málaflokk er varðar félagsmenn og félagið. Þannig verða áherslur skýrari í starfinu og stjórnarmenn ábyrgari og starf þeirra verður hnitmiðaðri.

Hver er Viðar?

- Viðar starfar nú í hálfu starfi sem skrifstofustjóri LEB – Landssambands eldri borgara sem eru heildarsamtök allra 55 félaga eldri borgara á landinu.
- Viðar var í varastjórn FEB síðasta starfsár, 2022 – 2023, og í aðalstjórn FEB í tvö starfsár á undan, 2020 – 2022.
- Viðar hefur setið í fjölmörgum stjórnnum ýmissa félagasamtaka og stofnana, hér heima og erlendis í gegnum tíðina. Situr nú f.h. FEB m.a. sem varaformaður í Öldungaráði Reykjavíkurborgar, varaformaður og ritari í fulltrúaráði Leigufélags aldraðra og fulltrúaráði Múlabæjar.
- Viðar hefur skrifað fjölda greina sem hafa birst í fjölmiðlum um málefni eldra fólks.
- Viðar er menntaður leikhúslistamaður og hefur starfað sem leikari, leikstjóri og leikhússtjóri í áratugi. Einnig sem dagskrárgerðarmaður á Rás 1 og á að baki hundruð útvarpsþátta.